Nr. 82.
22.
nóvbr.

# Lög

um

## heimild fyrir Landsbankann í Reykjavík til að gefa út bankaskuldabrjef.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landsbankanum í Reykjavík veitist heimild til að gefa út og selja bankaskuldabrjef, og má öll upphæð þeirra samanlögð nema allt að 2 milljónum króna; skulu greiðast af þeim 4½ af hundraði í ársvexti.

2. gr.

Trygging fyrir bankaskuldabrjefunum er eign bankans og ábyrgð landssjóðsins, og skal tryggingin vera jafnt fyrir vöxtum sem höfuðstól skuldabrjefanna.

3. gr.

Upphæð skuldabrjefanna skal vera 100 kr., 1,000 kr. og 10,000 kr., og skulu þau undirskrifuð af ráðherra Íslands og stjórn Landsbankans.

4. gr.

Þá er liðin eru 5 ár frá því er auglýst hefur verið, að bankinn sje farinn að gefa út áminnst skuldabrjef, skal bankinn taka að innleysa þau aptur eptir hlutkesti. Skal innleysa $^1/_{20}$ bankaskuldabrjefanna á ári, þannig, að bankinn hafi leyst þau öll til sín á næstu 20 árum þar á eptir.

5. gr.

Útgáfa og innlausn bankaskuldabrjefanna liggur undir eptirliti landsstjórnarinnar og endurskoðunarmanna Landsbankans.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

Nr. 82.
22. Novbr.

om

## Bemyndigelse for Landsbanken i Reykjavik til Udstedelse af Bankobligationer.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Landsbanken i Reykjavik bemyndiges til at udstede og afhænde Bankobligationer indtil et samlet Beløb af 2 Millioner Kr.; de forrentes med $4\frac{1}{2}$ pCt. p. a.

§ 2.

Bankens hele Formue og Landskassens Kaution udgør Garanti for Bankobligationerne. Denne omfatter saavel Obligationernes Renter som deres paalydende Beløb.

§ 3.

Obligationerne skal lyde paa 100 Kr., 1,000 Kr. og 10,000 Kr. De underskrives af Islands Minister og Landsbankens Bestyrelse.

§ 4.

Efter Forløbet af 5 Aar fra Bekendtgørelsen om, at Banken er begyndt at udstede de nævnte Obligationer, skal den begynde at indløse dem paany efter foretagen Lodtrækning. En Tyvendedel af Bankobligationerne skal indløses aarlig, saaledes at de alle ere indløste af Banken i Løbet af de følgende 20 Aar.

§ 5.

Obligationernes Udstedelse og Indløsning foregaar under Opsyn af Ministeriet og Landsbankens Revisorer.

Nr. 82. Lov af 22. November om Bemyndigelse for Landsbanken i Reykjavik til Udstedelse af Bankobligationer.

Nr. 82.
22. nóvbr.

6. gr.

Með reglugjörð, er stjórnarráð Íslands gefur út samkvæmt tillögum bankastjórnarinnar, skal setja hin nánari fyrirmæli, er nauðsynleg eru, um útgáfu og innlausn bankaskuldabrjefanna, form þeirra og fyrirkomulag, um eptirlit landsstjórnarinnar með þessu starfi bankans, og önnur atriði, er hjer að lúta.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 22. nóvember 1907.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

§ 6.

Ved et efter Bankbestyrelsens Indstilling af Islands Ministerium udstedt Reglement skal der fastsættes de nærmere nødvendige Bestemmelser om Bankobligationernes Udstedelse og Indløsning, deres Form og Beskaffenhed, om Ministeriets Tilsyn med denne Bankens Virksomhed, og andre hertil sigtende Bestemmelser.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 22. November 1907.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 82. Lov af 22. November om Bemyndigelse for Landsbanken i Reykjavik til Udstedelse af Bankobligationer.